

ERINDISBRJEF

fyrir

yfirkjötmatsmenn.**100**
27. des.

1. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu kynna sjer sem best alla verkun og meðferð á saltkjöti, einnig þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir neytendur og kaupendur, eða umboðsmenn þeirra hjer á landi, gera til kjötverkunar.

2. gr.

Yfirmatsmenn skulu leggja kapp á að fullnægt verði á viðunanlegan hátt þeim kröfum, sem gerðar verða til þess, að slátrun, kjötgeymsla og verkun kjötsins geti verið í sem bestu lagi, miðað við meðferð á kjöti þar sem henni er best á veg komið.

Sömuleiðis skulu þeir leita allra fánlegra upplýsinga um skemdir á saltkjöti, er fram kunna að koma, og leita að orsökum þeirra.

3. gr.

Yfirmatsmenn skulu líta eftir því, að heilbrigðisskoðun á kjöti sje ekki framkvæmd af öðrum en þeim, sem fengið hafa löggildingu stjórnarráðsins til þess starfa.

4. gr.

Yfirmatsmenn skulu senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, hverjir skipaðir skuli kjötmatsmenn. Skal vanda val þeirra eftir því sem kostur er á.

Kjötmatsmenn eru skyldir að hlýða yfirkjötmatsmanni samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í erindisbrjefi fyrir þá.

5. gr.

Yfirkjötmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt á tímabilinu frá 1. sept. til loka sláturtíðar, og haga ferðum þannig, að eftirlitið komi að sem bestum notum. Þeir skulu hvarvetna líta eftir öllu því, er við kemur slátrun og kjötverkun og finna að því, sem ábótavant er. Þeir skulu leiðbeina eftir bestu föngum þeim, sem kjöt hafa til útflutnings eða fást við kjötverkun, og leitast við að ná sem bestri samvinnu við alla hlutaðeigendur.

100

27. des.

6. gr.

Yfirkjötmatismenn skulu segja kjötmatsmönnum fyrir um kjötmatið, leiðbeina þeim í öllu, sem starfinu við kemur, og yfir höfuð kosta kapps um, að þeir verði sem færastir um að meta kjötið.

7. gr.

Yfirkjötmatismenn skulu skera úr öllum ágreiningi, sem kann að koma fyrir við kjötmatið.

8. gr.

Nú verða yfirkjötmatismenn þess vísir, að einhver kjötútflytjandi brýtur á móti ákvæðum kjötmatslaganna og ber þeim þá að skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá því tafarlaust.

9. gr.

Yfirmatismenn skulu að loknum starfstíma sínum ár hvert, senda stjórnarráðinu skýrslu um störf sín. Skal í þeirri skýrslu tekið fram um tölu sláturfjár og kjötmagn á hverjum útflutningsstað.

10. gr.

Yfirkjötmatismenn skulu leita eftir vel hæfum mönnum, er hægt sje að benda á til að taka við yfirkjötmatstarfinu, þegar á þarf að halda. Skulu þeir veita þeim, sem við tekur, alla þá fræðslu, er þeir geta í tje látið, svo hann verði sem hæfastur til að leysa starfið vel af hendi.

11. gr.

Yfirkjötmatismenn skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir drengskaparheit um, að þeir vilji hlýða erindisbrjefi þessu, og með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra. Þeir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbrjefi þessu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. des. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.